

Félag sjúkraþjálfara,
Unnur Pétursdóttir form.
Borgartúni 6,
105 Reykjavík

Reykjavík 11. nóvember 2019

Varðar bréf félagsins til undirritaðrar dagsett 8. nóvember 2019.

Í upphafi skal þess getið, að öllum kröfum Félags sjúkraþjálfara um að tilvitnuð tilkynning á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) verði fjarlægð er algerlega hafnað.

Í síðustu viku tók að bera á fyrirspurnum frá einstaklingum sem óskuðu skýringa á þeim staðhæfingum sem þeir höfðu heyrt frá sjúkraþjálfurum að í næstu viku (þ.e. vikan sem hófst 11. nóvember) muni þeir þurfa að greiða annað og hærra verð fyrir þjónustuna í samræmi við gjaldskrá sem Félag sjúkraþjálfara hafi undirbúið og sent félagsmönnum sínum. Á fundi með aðstoðarmanni mínum þann 7. nóvember sl. voru SÍ m.a. afhent ályktun félagsfundar sjúkraþjálfara, sem sagt er að hafi verið haldinn þann 5. nóvember sl. þar sem því var lýst yfir að þann 12. nóvember nk. muni sjúkraþjálfarar „stíga til hliðar“ og neita að vinna eftir ákvæðum rammasamnings sem undirritaður var þann 14. febrúar 2014.

Aldrei stóð annað til en að upplýsa Félag sjúkraþjálfara um formlega afstöðu SÍ en sá skammarlega naumi frestur sem SÍ var gefinn gerðu það nauðsynlegt að bregðast við með yfirlýsingu þessari. SÍ standa við yfirlýsingu sína.

Fyrirætlanir sjúkraþjálfara hafa augljóslega verið lengi í undirbúningi og eru þvert á þá stöðu sem SÍ töldu ríkja milli aðila eftir að SÍ féllust á kröfur sjúkraþjálfara um að lengja útboðsfrest til 15. janúar nk. Þessar fyrirætlanir bera þar að auki vott um algert skeytingarleysi sjúkraþjálfara um hagsmuni sjúkratryggðra.

Minnt er á að SÍ hafa ítrekað sent sjúkraþjálfurum tilkynningu um að SÍ munu starfa eftir ákvæðum rammasamnings við sjúkraþjálfara að undanskyldu ákvæði um verðlagsuppfærslur á gjaldskrá, sætti það ekki mótmælum af hálfu sjúkraþjálfara. Engin mótmæli hafa borist. Eins og bent er réttilega á í bréfi þínu, segir í 16. gr. 2. í rammasamningi aðila, að eftir að hann fellur niður skuli starfað eftir honum á meðan báðir aðilar samþykkja. Þá staðfestir þú jafnframt í umræddu bréfi að sjúkraþjálfarar hafa starfað eftir samingi aðila fram til dagsins í dag. SÍ benda á að með því að starfa á grundvelli ákvæða samningsins, þrátt fyrir að SÍ hafi fellt niður ákvæði um verðlagsuppfærslur á gjaldskrá, hafa sjúkraþjálfarar í raun viðurkennt að önnur ákvæði samningsins eru í gildi, þar á meðal ákvæði um uppsagnarfrest.

SÍ lýsa fullri ábyrgð á hendur sjúkraþjálfurum ef þeir ætla ekki að virða gildandi ákvæði samningsins og benda jafnframt á að þeir sjúkraþjálfarar sem kjósa að hundska ákvæði samningsins um uppsagnarfrest og verð fyrir þjónustu, verða dregnir til ábyrgðar.



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Að síðustu líta SÍ það mjög alvarlegum augum, reynist það rétt vera, að Félag sjúkraþjálfara hafi með einum eða öðrum hætti sent félagsmönnum sínum gjaldskrá til að starfa eftir frá og með 12. nóvember nk. Er SÍ því nauðugur sá kostur að tilkynna Samkeppniseftirlitinu grun um hugsanlegt brot á reglum samkeppnislaga er varða ólögmaett verðsamráð.

Ég skora á forsvarsmenn Félags sjúkraþjálfara að láta af þessum fyrirætlunum sínum enda brjóta þær gegn gildandi ákvæðum í samningi aðila og hugsanlega lögum um samkeppni.

Fh. Sjúkratrygginga Íslands,

María Heimisdóttir forstj.

Afrit sent:

Heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir,
Skógarhlíð 6 150 Reykjavík